

3.	Póstafgreiðandinn á Ísafirði	250 kr.
4.	— — — í Mýrasýslu (Arnarholti)	130 —
5.	— — — á Stykkishólmi	125 —
6.	— — — í Múlasýslu (Höfða)	128 —
7.	— — — á Eskifirði	100 —
8.	— — — í Þingeyjarsýslu (Grenjaðarstað)	100 —

17
8. febr.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— Brjef landshöfðingja til þorgríms hjeraðslæknis á Akureyri um styrk handa amtsbókasafni. — Áður en meira er gjört út af beiðni yðar, herra hjeraðslæknir frá 10. f. m. um útborgun á því fje, sem veitt hefir verið amtsbókasafninu á Akureyri um árið 1882, bið jeg mjer senda skrá yfir bækur þær, sem bætzt hafa við tjeð bókasafn, síðan síðasta skrá var send mjer, og reikning fyrir fje því, er bókasafninu hefir verið veitt úr landssjóði um árin 1880 og 1881. 18
8. febr.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um búnaðarskóla á Hólum í Hjaltadal. — Í brjefi 30. desember f. á. hefir amtsráðið í norður- og austurumdæminu sent mjer skýrslu um það, hvað hingað til sje gjört til að stofna búnaðarskóla í umdæminu; er þar skýrt frá, að fyrirhugað sje að stofna slíkan skóla á Hólum í Hjaltadal, og sje fyrst um sinn svo til ætlað, að hann verði búnaðarskóli fyrir Skagafjarðarsýslu, en þó svo, að komist samkomulag á milli hlutaðeigandi sýslunefnda, verði Húnavatnssýslu, og, ef til kemur, Eyjafjarðarsýslu gefinn kostur á, að taka með samþykki amtsráðsins þátt í stofnun skólans. Hefir amtsráðið mælt með, að til stofnunar skóla þessa verði sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitt 9000 kr. lán af viðlagasjóði af fje því, sem fjárlögin fyrir árin 1882 og 1883 áætla til lána handa búnaðarskólum í norður- og austurumdæminu, og að Skagafjarðarsýsla megi fá sinn hlut að tiltölu rjettri eptir fasteignarhundraðatölu sýslunnar af búnaðarskólasjóði norður- og austurumdæmisins, sem safnast hefir af búnaðarskólalagjalði því, sem heimilað var með tilsk. 12. febr. 1872, og svo það, er framvegis verður inn heimt af gjaldi þessu þar í sýslunni. 19
9. febr.

Út af þessu tjái jeg yður nú, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer kunngjörrið þeim það, sem hlut eiga að máli, að jeg fellst hjer með á ofannefndar tillögur amtsráðsins, og bæti jeg því við, að hið umrædda lán af viðlagasjóði mun verða veitt sýslunefnd Skagafjarðarsýslu í 11. júní gjalddaga þ. á. mótt 6% greiðslu árlega í vexti og afborgun í 28 ár, og móti því að jörðin Hólar í Hjaltadal verði veðsett fyrir láninu með öllu, er henni fylgir, og sjerstaklega einnig skólahús það sem ráðið er að reisa á jörð þessari.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um leigumála á kaupstaðarlóð. — Með brjefi 12. desember f. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef frá sýslumanninum í Sudur-Múlasýslu, þar sem hann með tilvísun til landshöfðingjabrjefs 31. janúar 1880 seekir um staðfestingu á leigumála eða bygg- 20
9. febr.

20 9. febr. ingarbrjefi, þar er hann leigir um 5 ár norskum kaupmanni Dahl, er borgararjett hefir fengið á Eskifirði, hina svo nefndu Mjóeyri, er samkvæmt konungsrsk. 6. marz 1807 («Lovsaml. for Isl.», VII, bls. 113.) var keypt af konungi til að leggjast til lóðar Eskifjarðar kaupsins. Í brjefi 18. desember 1879 ljét amtið í ljósi, að Mjóeyri yrði að álitast opinber eign, með því að hún hefði ekki orðið lögð undir kaupstaðarlóðina, og að því mundi æskilegt vera, að hún yrði þeim manni leigð, er þá hefði um sótt að fá hana. En í landshöfðingjabrjefi 31. janúar 1880 er svo sagt, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að hlutaðeiganda verði «útvísað byggingarstöði» á Mjóeyri. En út af þessu hafid þjer, herra amtmaður, tekið fram, að þjer allt um þetta eigi fáid skilið tjeð landshöfðingjabrjef öðruvísi en svo, að úthluta megi hlutaðeiganda lóð undir hús þau, er hann þarf að reisa, samkvæmt hinum venjulegu reglum, er gilda um lóðir verzlunarstaða; en ef sá væri skilningurinn, að leigja skyldi alla Mjóeyri einum manni, þá þykist þjer, herra amtmaður, eigi sjá yður fært að samþykkja greindan leigusamning, og hafid því skotið málinu undir minn úrskurð.

Út af þessu vil jeg tjá yður það, er nú greinir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer kunngjöríð þeim það, er hlut eiga að máli.

Að vísu er það talið víst í brjefi mínu 31. janúar 1880, að þótt konungsrskurði 6. marz 1807 hafi enn eigi framgengt orðið, þá muni ekkert vera því til fyrirstöðu, að leggja Mjóeyri til lóðar verzlunarstaðarins, eins og til var ætlazt 1807, svo framfarlega sem verzlunarstaðurinn þyrfti þessarar lóðar, sem, eptir brjefi sýslumannsins 8. ágúst 1879, liggur $\frac{1}{4}$ mílu fyrir utan kaupsínið Eskifjörð. Ef því nokkrir aðrir hefðu beiðzt útmælingar á byggingarstöði handa sjer á Mjóeyri, hefði samkvæmt nefndu brjefi engin ástöða verið til að neita þeim um slíka útmælingu samkvæmt reglum þeim, er fylgt er um útmælingar hússtöða á kaupsína-lóðum. Af skýringum þeim, sem fyrir hendi eru í þessu máli, er svo að ráða, sem enn hafi engin þörf reynzt á að nota Mjóeyri til hússtöða. Jeg sje því ekkert því til fyrirstöðu, að gjöra þann hlut eyrarinnar, sem eigi er til þessa notaður að sinni, arðberandi eiganda sínum, landssjóðnum, með því að selja hann á leigu um stutt tímabil, t. d. 5 ár, eins og sýslumaðurinn stingur upp á, og mun það þá koma í ljós, hvort þörf sje á að mæla fleirum út hússtöði á Mjóeyri.

Því felst jeg nú á, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu gjöri leigusamning við umgetinn kaupmann Dahl um að leigja honum í 5 ár, frá 1. jan. þ. á. að telja, gegn 50 króna ársleigu, þann hlut Mjóeyrar, er eigi þarf til lóðar undir hús þau, er tjeður Dahl ætlar þar að reisa, þó á þann hátt, að fyrir því verði sjeð við útmælingu hússtöðis þessa, að hún verði eigi því til hindrunar, að fleiri hús verði síðar reist á Mjóeyri, ef svo stöði á, þá er þessi 5 ár eru liðin, að það yrði nauðsynlegt eða æskilegt að mæla fleirum út hússtöði þar á eyrinni. Um þetta ber sýslumanninum að koma fram með nánari skýrslu og tillögur fyrir árslok 1886.

21 9. febr. — Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurum-
 þáminu um eptirgjald eptir þjóðjörð. — Í þessu brjefi lætur landshöfðingi skilning þann í ljósi á 3. grein ráðgjafabrjefs 25. maí 1880 (B. 89) að gjöra skuli leiguliðum á þjóðjörðum, er vilja greiða gjöld sín eptir meðalverði allra meðalverða, kost á að fá, hvort sem þeir vilja heldur, bæði landskuld og leigum breytt á þennan hátt, eða þá eingöngu landsskuldinni, ef þeir kjósa heldur að halda áfram að gjalda leigur eptir smjörverði.